

Svínaræktarfélag Íslands gegn samkeppnisráði

I.

Með bréfi er barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála, hinn 23. febrúar 1995, hefur Svínaræktarfélag Íslands kært [ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 41/1994](#), frá 28. desember 1994, þar sem ráðið synjaði beiðni félagsins um undanþágu frá 10. og 12. gr. samkeppnislaga og lagði bann við þeirri markaðslegu leiðsögn sem ráðið taldi hafa komið fram í skilaboðum Svínaræktarfélagsins og birst hefðu í verðskrá félagsins.

Krefst áfrýjandi þess að ákvörðun samkeppnisráðs verði felld úr gildi og að honum verði veitt umbeðin undanþága. Til vara krefst áfrýjandi þess að undanþága frá banni verði veitt tímabundið meðan félagið á í viðræðum við stjórnvöld um breytingu á samkeppnislögum.

Kæru áfrýjanda hafði áður verið vísað frá nefndinni þar sem hún kom fram eftir lok kærufrests. Með ofangreindu bréfi áfrýjanda krafðist hann þess að kæra hans yrði tekin til efnislegrar meðferðar, þar sem hann taldi afsakanlegt að hún hefði ekki komið fram tímanlega. Á fundi sem haldinn var hjá áfrýjunarnefndinni, hinn 23. mars 1995, var með vísan til 1. tl. 28. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, fallist á að taka kærana til efnislegrar meðferðar.

Af hálfu samkeppnisráðs er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Málið var tekið fyrir á fundi hjá nefndinni, hinn 22. maí 1995. Var þá báðum aðilum gefinn kostur á að tjá sig um málið. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar.

II.

Aðdraganda málsins og athugunum samkeppnisyfirvalda í tilefni þess er ítarlega lýst í forsendum samkeppnisráðs fyrir ákvörðun sinni.

Áfrýjandi byggir kærú sína á því að viðmiðunarverðskrá sem upplýsingamiðill, sé mjög mikilvæg til þess að milda sveiflur og skapa jafnvægi á þeim smáa og viðkvæmda markaði sem Ísland er. Sé þetta hagkvæm leið bæði fyrir framleiðendur og neytendur og leiði til virkari samkeppni milli framleiðenda en búvörulögin geri ráð fyrir m.a. með því að halda opnum leiðum fyrir nýja samkeppnisaðila, sem séu takmarkaðar með ákvæðum búvörulaga í öðrum búgreinum.

Þá bendir áfrýjandi á að í íslensku samkeppnislögunum sé ekki tekið sérstakt tillit til þeirrar sérstöðu sem frumframleiðslustig í landbúnaði hafi, eins og sé gert í reglum Evrópusambandsins sem og samkeppnislögum Norðmanna. Meðan svo sé verði að teljast eðlilegt að beita undanþáguákvæði samkeppnislaga, fremur en að knýja búgreinina til að fella markaðsstarfsemi sína undir búvörulögin.

Af hálfu samkeppnisráðs er vísað til forsendna hinnar kærðu ákvörðunar. Í ákvörðun ráðsins komi fram að það telji áfrýjanda ekki hafa sýnt fram á að erindi um undanþágu til útgáfu leiðbeinandi gjaldskrár fyrir áfrýjanda uppfylli skilyrði 16. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sem sett eru fyrir undanþágu frá bannákvæðum 10., 11. og 12. gr. laganna. Telur samkeppnisráð að undanþága til útgáfu viðmiðunarverðskrár dragi fremur úr möguleikum á samkeppni á þeim markaði sem hér um ræðir.

III.

Í 16. gr. samkeppnislaga felst heimild til að veita undanþágu frá bannákvæðum laganna að vissum skilyrðum fullnægðum. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur, með vísan til forsendna niðurstöðu samkeppnisráðs, að áfrýjandi hafi ekki sýnt fram á, að umbeðin undanþága sé bráðnauðsynleg til að vernda neytendur, lækka verð eða auka gæði þeirrar þjónustu er hér um ræðir, sem er hins vegar skilyrði þess að undanþága verði veitt samkvæmt nefndu lagaákvæði. Ekki verður því séð að betur verði stuðlað að tilgangi og markmiði laganna með því að veita undanþágu fyrir hinni leiðbeinandi gjaldskrá.

Við þessar aðstæður telur áfrýjunarnefnd samkeppnismála ekki efni til að hnekkja hinni áfrýjuðu ákvörðun samkeppnisráðs. Af því leiðir að krafa

áfrýjanda verður ekki tekin til greina. Ber því að staðfesta ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 41/1994, frá 28. desember 1994.

Úrskurðarorð:

„Ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 41/1994, frá 28. desember 1994, er staðfest.“

Reykjavík, 26. maí 1995

Páll Sigurðsson
(sign)

Inga Jóna Þórðardóttir
(sign)

Þórunn Guðmundsdóttir
(sign)